

2015:10 • 15. september 2015

Fjármál hins opinbera 2014 – endurskoðun

General government finances 2014 – revision

Tekjuafkoma hins opinbera var neikvæð um 1,2 milljarða króna árið 2014 eða sem nemur 0,1% af landsframleiðslu. Til samanburðar var tekjuafkoman neikvæð um 34,8 milljarða króna árið 2013 eða 1,9% af landsframleiðslu. Tekjur hins opinbera námu 907,0 milljörðum króna og jukust um 111,3 milljarða króna milli ára eða um 14,0%. Sem hlutfall af landsframleiðslu mældust þær 45,6%. Útgjöld hins opinbera voru 908,2 milljarðar króna og jukust um 9,4% en hlutfall þeirra af landsframleiðslu var 45,7%.

Heildarútgjöld til heilbrigðismála voru 176 milljarðar króna 2014 eða 8,9% af landsframleiðslu. Þar af var hlutur hins opinbera 143 milljarðar króna en hlutur einkaaðila um 33 milljarðar eða 19%. Á mann námu heilbrigðisútgjöld hins opinbera 436 þúsundum króna og jukust þau um 2,4% milli ára. Frá árinu 2008 hafa þau dregist saman um rúm 10% á mann á verðlagi 2014.

Til fræðslumála var ráðstafað 158 milljörðum króna 2014 eða 8,0% af landsframleiðslu. Þar af var fjármögnun hins opinbera 143 milljarðar króna og hlutur heimilanna 15 milljarðar króna eða 9,4%. Á mann námu fræðsluútgjöld hins opinbera 438 þúsund krónum og hafa þau minnkað um 11,2% að raunvirði frá árinu 2008.

Hrein peningaleg eign hins opinbera var neikvæð um 1.000 milljarða króna árið 2014 eða 50,3% af vergri landsframleiðslu og er það 30 milljörðum verri staða en 2013. Peningalegar eignir voru 1.291 milljarður og heildarskuldir 2.291 milljarður króna í árslok 2014.

Niðurstöður árána 1998-2013 hafa verið endurskoðaðar frá því sem birt var í mars 2015. Ástæða þess er aðallega endurskoðun á niðurstöðum fyrir óbeint mælda fjármálaþjónustu og fjárfestingu í rannsóknum og þróun vegna nýrrar gagnaöflunar.

Fjármál hins opinbera eru í brennidepli í þessu riti

Í þessu riti verður fyrst og fremst lögð áhersla á hið opinbera en samsvarandi upplýsingar um undirgeira þess má sjá á vefsíðu Hagstofunnar. Verður vikið að afkomuþróun hins opinbera, en einnig verður gerð grein fyrir þróun tekna og gjalda frá mismunandi sjónarhornum. Þá verður í stuttu máli fjallað um heilbrigðis-, velferðar- og menntamál og þeim gerð skil í talnaefni og myndum.




Umfang hins opinbera

Hið opinbera takmarkast við A-hluta ríkissjóðs, A-hluta sveitarfélaga og almannatryggingar

Hefðbundin skilgreining á hinu opinbera samkvæmt þjóðhagsreikningum afmarkast við starfsemi sem fjármögnuð er með álagningu skatta en ekki með tekjum af sölu á vörum og þjónustu á almennum markaði. Hér er því um tiltölulega þrönga skilgreiningu að ræða sem takmarkast við A-hluta ríkissjóðs, A-hluta sveitarfélaga og almannatryggingar. Í þessu felst að atvinnustarfsemi á vegum hins opinbera, sem fjármögnuð er að mestu með sölu á vöru og þjónustu, er ekki talin til hins opinbera samkvæmt hefðbundinni skilgreiningu, heldur til fyrirtækjageira hagkerfisins.

Mynd 1. Innbyrðis skipting á umfangi undirgeira hins opinbera 2014

Figure 1. Relative size of governments in terms of revenue and expenditure 2014



Árið 2014 runnu 74,8% tekna hins opinbera til ríkissjóðs og 24,9% til sveitarfélaga. Af tekjum ríkissjóðs runnu 28,7% áfram til almannatrygginga og sveitarfélaga sem fjárframlög eða 166,1 milljarður króna til almannatrygginga og 28,6 milljarðar króna til sveitarfélaga. Hluttur almannatrygginga í útgjöldum hins opinbera eru 18,0% eða 163,5 milljarðar króna, sveitarfélaga 29,7% eða 269,6 milljarðar króna, og ríkissjóðs 52,3% eða 475,1 milljarður króna.


Afkoma hins opinbera

Tekjuhalli hins opinbera nam 0,1% af landsframleiðslu 2014

Tekjuafkoma hins opinbera var neikvæð um 1,2 milljarða króna árið 2014 eða sem nemur 0,1% af landsframleiðslu. Til samanburðar var tekjuafkoman neikvæð um 34,8 milljarða króna árið 2013 eða 1,9% af landsframleiðslu. Hagstæðari afkoma 2014 skýrist fyrst og fremst af auknum tekjum, en skatttekjur og tryggingargjöld jukust um 98,1 milljarð króna milli ára en aðrar tekjur um 13,5 milljarða króna. Á sama tíma jukust útgjöld hins opinbera um 77,7 milljarða króna. Launakostnaður jókst um 19,6 milljarða króna eða um 7,6%. Tilfærsluútgjöld önnur en fjárframlög jukust um 30,3 milljarða en í þessum lið eru meðal annars 35,8 milljarða útgjöld til niðurfellingar á skuldum heimilanna. Félagslegar tilfærslur til heimila jukust um 5,8 milljarða króna sem að mestu leyti rekja til 7,5 milljarða hærri lífeyrisgreiðslna en á móti kom að greiðslur vegna atvinnuleysistrygginga drógust saman um 2,7 milljarða króna.

Mynd 2. Tekjuafkoma hins opinbera sem hlutfall af landsframleiðslu

Figure 2. The general government financial balance as per cent of GDP



Tekjuafkoma ríkissjóðs var jákvæð um 16,3 milljarða króna

Vegna umfangs ríkissjóðs ræður tekjuafkoma hans miklu um þróun afkomu hins opinbera í heild. Afkoma ríkissjóðs hefur ekki verið betri síðan árið 2007, en hún var jákvæð um 16,3 milljarða króna árið 2014 eða 0,8% af landsframleiðslu samanborið við um 33,3 milljarða króna halla árið 2013.

Tekjuhalli sveitarfélaga var 16,1 milljarður króna

Tekjuhalli sveitarfélaga var 16,1 milljarður króna eða 0,3% af landsframleiðslu og 6,3% af tekjum þeirra. Svo slök afkoma hefur ekki mælst hjá sveitarfélögunum á síðan árið 2010 þegar tekjuhallin var 6,9% af tekjum. Á árinu 2013 var tekjuhalli þeirra 7,3 milljarðar króna eða 0,2% af landsframleiðslu. Það sem vegur þyngst er að launakostnaður sveitafélaganna hefur aukist um 10% frá 2013.

Tafla 1. Fjármál hins opinbera 2008–2014

Table 1. General government finances 2008–2014

Milljarðar króna <i>Billion ISK</i>	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014
Tekjur hins opinbera <i>General gov. revenue</i>	655,8	617,1	641,1	682,3	740,8	795,7	907,0
Útgjöld hins opinbera <i>Gen. gov. expenditure</i>	858,2	771,3	799,3	777,3	807,2	830,5	908,2
Tekjuafkoma hins opinbera <i>Gen. gov. NLB</i>	-202,3	-154,2	-158,2	-95,0	-66,5	-34,8	-1,2
Hlutfall af VLF <i>Per cent of GDP</i>							
Tekjur hins opinbera <i>Gen. gov. revenue</i>	42,5	38,8	39,6	40,1	41,7	42,4	45,6
Útgjöld hins opinbera <i>Gen. gov. expenditure</i>	55,7	48,5	49,4	45,7	45,5	44,2	45,7
Tekjuafkoma hins opinbera <i>Gen. gov. NLB</i>	-13,1	-9,7	-9,8	-5,6	-3,7	-1,9	-0,1
Tekjuafkoma ríkissjóðs <i>Central gov. NLB</i>	-12,6	-8,1	-9,1	-5,7	-3,3	-1,8	0,8
Tekjuafkoma sveitarfélaga <i>Local gov. NLB</i>	-0,8	-1,0	-0,8	-0,3	-0,5	-0,4	-0,8
Tekjuafkoma almannatrygg. <i>SSF NLB</i>	0,3	-0,7	0,1	0,4	0,0	0,3	-0,1


Tekjur hins opinbera

Tekjur hins opinbera námu 45,6% af landsframleiðslu árið 2014

Tekjur hins opinbera námu 907,0 milljörðum króna árið 2014 og jukust um 111,3 milljarða króna milli ára eða 14,0%. Sem hlutfall af landsframleiðslu mældust þær 45,6% samanborið við 42,4% árið 2013. Frá árinu 2009 hafa tekjur hins opinbera farið hægt vaxandi sem hluti af landsframleiðslu en útgjöldin hafa verið lítið breyst síðustu ár.

Mynd 3. Tekjur og útgjöld hins opinbera sem hlutfall af landsframleiðslu

Figure 3. The general government revenues and expenditures as per cent of GDP



Tafla 2. Heildartekjur hins opinbera og undirgeira þess 2008–2014

Table 2. General government total revenue 2008–2014

Milljarðar króna <i>Billion ISK</i>	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014
Hið opinbera <i>General government</i>	655,8	617,1	641,1	682,3	740,8	795,7	907,0
Ríkissjóður <i>Central government</i>	479,1	450,3	474,7	497,1	545,5	584,5	686,1
Sveitarfélög <i>Local governments</i>	195,8	191,3	194,4	214,2	224,4	243,6	254,9
Almannatryggingar <i>Social security funds</i>	113,3	133,8	143,0	160,6	157,8	166,8	168,6
Hlutfall af VLF <i>Per cent of GDP</i>							
Hið opinbera <i>General government</i>	42,5	38,8	39,6	40,1	41,7	42,4	45,6
Ríkissjóður <i>Central government</i>	31,1	28,3	29,3	29,2	30,7	31,1	34,5
Sveitarfélög <i>Local governments</i>	12,7	12,0	12,0	12,6	12,6	13,0	12,8
Almannatryggingar <i>Social security funds</i>	7,3	8,4	8,8	9,4	8,9	8,9	8,5

Skatttekjur- og tryggingagjöld skila hinu opinbera um 774 milljörðum króna.

Megintekjustofnar hins opinbera eru skatttekjur og tryggingagjöld, sem skiluðu 774,3 milljörðum króna árið 2014 eða 85,4% tekna þess. Sem hlutfall af landsframleiðslu hafa skatttekjur og tryggingagjöld hækkað úr 36,0% af landsframleiðslu árið 2013 í 38,9% árið 2014. Hér vegur þungt sérstakur skattur á fjármála-fyrirtæki og sérstaki fjársýsluskatturinn. Bankaskatturinn sem hækkaði úr 0,041% í 0,376% af heildarskuldum, umfram 50 milljarða, skilaði ríkissjóði 36,4 milljörðum króna og sérstaki fjársýsluskatturinn 13,0 milljörðum króna. Aðrar tekjur hins opinbera, þ.e. rekstrartekjur hins opinbera, voru 130,2 milljarðar króna árið 2014 og jukust um 11,6% frá fyrra ári. Þar munar mestu um auknar arðgreiðslur frá fyrirtækjum í eigu ríkisins. Má þar nefna 6,5 milljarða króna arð frá Seðlabanka Íslands og 15,7 milljarða króna arð frá Landsbankanum. Hagstofan vinnur eftir alþjóðlegum þjóðhagsreikningastöðlum sem kveða á um að hámarki sé tekjufærður arður sem jafngildir rekstrarhagnaði ársins að frádregnum virðisbreytingum, en endurmat og virðisbreyting eru færð í gegnum efnahag.

Tafla 3. Megintekjustofnar hins opinbera 2008–2014

Table 3. General government main income types 2008–2014

Milljarðar króna <i>Billion ISK</i>	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014
Heildartekjur <i>Total revenue</i>	655,8	617,1	641,1	682,3	740,8	795,7	907,0
Skatttekjur <i>Taxes</i>	503,0	462,8	478,0	519,1	561,6	606,2	700,8
Tryggingagjöld <i>Social contributions</i>	41,6	45,9	63,6	66,8	64,9	69,9	73,4
Fjárframlög <i>Grants</i>	1,5	2,2	2,4	2,9	3,7	2,9	2,5
Aðrar tekjur <i>Other revenue</i>	109,6	106,3	97,2	93,4	110,6	116,7	130,2
Hlutfall af VLF <i>Per cent of GDP</i>							
Heildartekjur <i>Total revenue</i>	42,5	38,8	39,6	40,1	41,7	42,4	45,6
Skatttekjur <i>Taxes</i>	32,6	29,1	29,5	30,5	31,6	32,3	35,2
Tryggingagjöld <i>Social contributions</i>	2,7	2,9	3,9	3,9	3,7	3,7	3,7
Fjárframlög <i>Grants</i>	0,1	0,1	0,1	0,2	0,2	0,2	0,1
Aðrar tekjur <i>Other revenue</i>	7,1	6,7	6,0	5,5	6,2	6,2	6,5

Tafla 4. Tekjuskattar hins opinbera 2008–2014

Table 4. The general government tax on income and profits 2008–2014


Milljarðar króna <i>Billion ISK</i>	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014
Tekjuskattar <i>Taxes on income and profits</i>	263,5	239,9	239,7	266,8	283,2	315,6	360,5
Tekjusk. einstakl. <i>Individual income tax</i>	195,6	192,3	197,3	220,6	234,5	258,6	270,6
Tekjusk. lögaðila <i>Corporate income tax</i>	28,5	26,5	14,6	29,5	34,0	40,5	66,8
Fjárm.tekjusk. <i>Tax on interest & cap. gains</i>	39,3	21,1	27,7	16,8	14,8	16,5	23,1
Hlutfall af VLF <i>Percent of GDP</i>							
Tekjuskattar <i>Taxes on income and profits</i>	17,1	15,1	14,8	15,7	16,0	16,8	18,1
Tekjusk. einstakl. <i>Individual income tax</i>	12,7	12,1	12,2	13,0	13,2	13,8	13,6
Tekjusk. lögaðila <i>Corporate income tax</i>	1,8	1,7	0,9	1,7	1,9	2,2	3,4
Fjárm.tekjusk. <i>Tax on interest & cap. gains</i>	2,6	1,3	1,7	1,0	0,8	0,9	1,2

Tekjuskattar skiluðu hinu opinbera 360,5 milljörðum króna árið 2014 eða 51,4% skatttekna og 18,1% af landsframleiðslu. Það er 14,2% aukning frá fyrra ári og skýrist öðru fremur af aukinni skattheimtu á fjármálafyrirtæki. Skattar á vöru og þjónustu skiluðu 233,9 milljörðum króna eða 11,8% af landsframleiðslu. Þar af gaf virðisaukaskatturinn 160,9 milljarða króna eða 8,1% af landsframleiðslu. Bankaskatturinn svokallaði skilaði ríkissjóði 36,5 milljörðum króna árið 2014 en rúmum einum milljarði árið áður.

Eignaskattar hins opinbera námu 49,6 milljörðum króna árið 2014 eða 2,5% af landsframleiðslu. Þar vógu fasteignaskattar þyngst eða 32,2 milljörðum króna og auðlegðarskatturinn sem skilaði 10,8 milljörðum.

Mynd 4. Helstu skattstofnar hins opinbera sem hlutfall af landsframleiðslu

Figure 4. The general government main taxes as per cent of GDP



Útgjöld hins opinbera

Útgjöld hins opinbera
jukust um 9,4%

Útgjöld hins opinbera voru 908,2 milljarðar króna árið 2014 og jukust um 77,7 milljarða króna milli ára eða 9,4% og er hlutur þeirra af landsframleiðslu 45,7%. Launakostnaður jókst um 7,6% en vaxtakostnaður um 8,3%. Fjárfesting jókst um 6,8 milljarða króna frá árinu 2013 eða 12,4%. Útgjöld vegna Vaðlaheiðarganga eru talin með en þau námu tæpum 1,8 milljörðum króna.

Heildarútgjöld ríkissjóðs jukust um 8,4% milli ára en útgjöld sveitarfélaganna um 8,0%. Þá jukust útgjöld almannatrygginga um 5,7%.

Tafla 5. Útgjöld hins opinbera og undirgeira þess 2008–2014


Table 5. The general government expenditure 2008–2014

Í milljörðum króna <i>In billion ISK</i>	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014
Hlið opinbera <i>General government</i>							
Ríkissjóður <i>Central government</i>	673,0	578,7	621,5	593,7	603,9	618,0	669,8
Sveitarfélög <i>Local governments</i>	208,7	206,6	207,8	219,3	233,0	250,9	271,0
Almannatryggingar <i>Social security funds</i>	108,9	144,2	141,1	154,0	157,3	160,8	170,0
Hlutfall af VLF <i>Per cent of GDP</i>							
Hlið opinbera <i>General government</i>	55,7	48,5	49,4	45,7	45,5	44,2	45,7
Ríkissjóður <i>Central government</i>	43,7	36,4	38,4	34,9	34,0	32,9	33,7
Sveitarfélög <i>Local governments</i>	13,5	13,0	12,8	12,9	13,1	13,4	13,6
Almannatryggingar <i>Social security funds</i>	7,1	9,1	8,7	9,1	8,9	8,6	8,5

Samneysluútgjöld eftir hagrænni skiptingu á útgjöldum hins opinbera, þ.e. launaútgjöld og kaup að frádreginni sölu á vöru og þjónustu og að viðbættum afskriftum, námu 484,5 milljörðum króna árið 2014 og eru 24,4% af landsframleiðslu.

Mynd 5. Samneysla og fjárfesting hins opinbera sem hlutfall af VLF

Figure 5. General government final consumption and investment as per cent of GDP



Vaxtagjöld hins opinbera námu
um 94,8 milljörðum króna.

Á árinu 2014 voru vaxtaútgjöld hins opinbera 4,8% af landsframleiðslu. Vaxtagjöld fóru hæst í 6,0% af landsframleiðslu, árið 2009.

Tilfærsluútgjöld hins opinbera, þ.e. framleiðslustyrkir, fjárframlög, félagslegar tilfærslur til heimila og aðrar tilfærslur, námu 12,1% af landsframleiðslu árið 2014.

Tafla 6. Hagræn flokkun útgjalda hins opinbera 2008–2014

Table 6. The general government expenditure by economic type 2008–2014

Hlutfall af VLF <i>Per cent of GDP</i>	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014
Heildarútgjöld <i>Total expenditure</i>	55,7	48,5	49,4	45,7	45,5	44,2	45,7
Laun <i>Wages and salaries</i>	13,5	13,6	13,6	13,5	13,6	13,6	13,9
Kaup á vöru og þjón. <i>Use of goods & services</i>	11,3	12,0	12,1	12,1	12,0	11,8	11,6
Vaxtagjöld <i>Interest</i>	3,1	6,0	4,8	4,1	4,8	4,7	4,8
Framleiðslustyrkir <i>Subsidies</i>	1,8	1,8	1,7	1,7	1,7	1,7	1,5
Félagslegar tilf. til heimila <i>Social benefits</i>	5,8	7,7	7,5	8,1	7,6	7,1	7,0
Önnur tilfærsluútgjöld <i>Other expenditure</i>	15,0	3,0	6,1	3,1	2,8	2,2	3,6
Fjárfesting <i>Acquisition of nonfinancial assets</i>	4,9	4,1	3,4	2,7	2,7	2,9	3,1

Tafla 7. Meginmálaflokkar hins opinbera 2008–2014

Table 7. The general government main functions 2008–2014


Innbyrðis hlutdeild <i>Percentage breakdown</i>	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014
Heildarútgjöld <i>Total expenditure</i>	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0
Æðsta stjórnþing <i>Gen. public services</i>	11,4	19,7	17,5	17,6	19,3	18,8	18,0
Varnarmál <i>Defence</i>	0,1	0,1	0,1	0,1	0,0	0,1	0,0
Réttar- og öryggismál <i>Public order and safety</i>	2,4	3,2	2,6	3,6	3,1	3,2	3,3
Efnahags- og atvinnumál <i>Economic affairs</i>	33,8	12,4	13,7	12,5	10,6	10,9	13,0
Umhverfismál <i>Environmental protection</i>	1,2	1,3	1,3	1,3	1,3	1,2	1,4
Húsn.- og skipulagsmál <i>Housing & community</i>	0,9	1,0	4,8	0,7	2,4	1,3	1,0
Heilbrigðismál <i>Health affairs</i>	13,7	16,3	15,2	16,0	16,2	16,8	16,6
Menning og íþróttamál <i>Recreation and culture</i>	6,5	7,2	7,1	6,8	6,8	7,4	6,9
Fræðslumál <i>Education</i>	14,6	16,8	16,2	17,0	16,8	17,1	17,1
Alm.trygg. og velferðarmál <i>Social protection</i>	15,4	22,1	21,6	24,4	23,4	23,2	22,5

Velferðar-, fræðslu- og heilbrigðismál eru viðamestu málaflokkar hins opinbera

Almannatryggingar og velferðarmál eru fjárfrekasti málaflokkur hins opinbera en útgjöld til hans voru 22,5% af heildarútgjöldum 2014. Til heilbrigðismála hins opinbera runnu um 16,6% útgjalda. Fjallað er um þróun útgjalda til heilbrigðis-, fræðslu- og velferðarmála í sérstökum köflum hér á eftir, en til þessara málaflokka runnu 56,3% útgjalda hins opinbera eða 25,7% af landsframleiðslu.

Mynd 6. Þrjú stærstu málaflokkar hins opinbera sem hlutfall af VLF

Figure 6. General government main expenditure functions as per cent of GDP



Heilbrigðismál

Heilbrigðisútgjöld hins opinbera námu 7,2% af landsframleiðslu árið 2014

Útgjöld hins opinbera til heilbrigðismála árið 2014 námu 142,8 milljörðum króna¹ eða 7,2% af landsframleiðslu. Þau jukust um 10,0 milljarða milli ára eða um 7,6%. Af heildarútgjöldum hins opinbera árið 2014 fóru 16,6% til heilbrigðismála.

Árið 2014 var 97,5 milljörðum króna ráðstafað til sjúkrahúsaþjónustu. Þessi liður vegur þýngst með 68,2% af heildarútgjöldum hins opinbera til heilbrigðisþjónustu árið 2014. Þjónusta við ferlisjúklinga kemur þar á eftir með 20,7% af heilbrigðisútgjöldum hins opinbera, en þar vegur þýngst almenn heilsugæsla og þjónusta sérfræðilækna utan sjúkrahúsa.

Að raungildi á mann jukust útgjöld hins opinbera til sjúkrahúsastofnana um 2,5% árið 2014 og um 6,1% vegna þjónustu við ferlisjúklinga. Á föstu verðlagi drógust útgjöld á mann til lyfja- og hjálpartækjakaupa saman um 1,8%.

Tafla 8. Útgjöld hins opinbera til heilbrigðismála 2008–2014

Table 8. The general government expenditure on health 2008–2014

Hlutfall af VLF <i>Per cent of GDP</i>	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014
Heilbrigðisútgjöld alls¹ <i>Expenditure on health¹</i>	7,3	7,5	7,1	7,0	7,0	7,1	7,2
1. Lækn.vörur og hjálpartæki <i>Medical products</i>	0,8	0,9	0,8	0,7	0,7	0,6	0,6
2. Þjónusta við ferlisjúklinga <i>Outpatient services</i>	1,4	1,4	1,4	1,3	1,4	1,4	1,5
3. Sjúkrahúsaþjónusta <i>Hospital services</i>	4,9	5,0	4,7	4,7	4,7	4,8	4,9
4. Forvarnir og alm. heilbr.þj. <i>Public health serv.</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
5. Heilbrigðismál ót.a.s. <i>Health n.e.c.</i>	0,2	0,2	0,2	0,2	0,2	0,2	0,2

¹ Kaup heimila á heilbrigðisþjónustu hins opinbera dregin frá. *The households purchase of public health is excluded.*

Heilbrigðismál námu 8,9% af landsframleiðslu árið 2014

Heildarútgjöld til heilbrigðismála námu 8,9% af landsframleiðslu á árinu 2014. Hæst urðu heilbrigðisútgjöldin sem hlutfall af landsframleiðslu árið 2003 eða 10,1%. Árið 2014 voru 19,0% útgjaldanna fjármögnuð af einkaaðilum (heimilum og samtökum), en það er svipað hlutfall og undanfarin ár. Heilbrigðisútgjöld á föstu verði hafa aukist um 30,3% frá árinu 1998, en útgjöld á mann hafa aukist um 9,0% á sama tíma.

¹ Frá útgjöldum hins opinbera til heilbrigðismála hafa verið dregin kaup heimila á heilbrigðisþjónustu hins opinbera, en þau flokkast með einkaneyslu heimilanna.

Tafla 9. Heildarútgjöld til heilbrigðismála 1998–2014

Table 9. The expenditure on health 1998–2014

	Hlutfall af landsframleiðslu <i>Per cent of GDP</i>			Hlutfall einkaaðila af heild af heild <i>PS % of totals</i>	Heilbr.útgj.- staðvirt ¹ <i>Health exp. in fixed prices¹</i>	Heilbr.útgj.- staðvirt á mann ¹ <i>Health exp. per capita¹</i>
	Hið opinb.	Einkaaðila	Samtals			
	<i>General govern.</i>	<i>Private sector</i>				
1998	7,04	1,70	8,73	19,4	100,0	100,0
1999	7,78	1,66	9,44	17,6	109,8	108,4
2000	7,54	1,73	9,28	18,7	110,8	107,9
2001	7,41	1,72	9,12	18,8	114,2	109,7
2002	8,07	1,78	9,86	18,1	120,6	114,8
2003	8,23	1,84	10,07	18,3	122,2	115,7
2004	7,79	1,79	9,59	18,7	123,7	115,7
2005	7,50	1,71	9,21	18,6	124,5	115,2
2006	7,35	1,62	8,96	18,0	127,5	114,7
2007	7,23	1,53	8,75	17,5	133,8	117,7
2008	7,27	1,53	8,80	17,4	138,3	118,6
2009	7,48	1,64	9,12	18,0	134,2	115,1
2010	7,12	1,74	8,86	19,6	125,9	108,4
2011	6,97	1,68	8,65	19,4	123,6	106,1
2012	6,99	1,69	8,68	19,5	123,4	105,4
2013	7,07	1,69	8,75	19,3	126,6	107,1
2014	7,18	1,68	8,86	19,0	130,3	109,0

¹ Heilbrigðisútgjöld staðvirt með verðvísitölu samneyslunnar og undirvísitölu fyrir heilsu úr vísitölu neysliverðs. Magnvísitala, 1998=100. *Health expenditure deflated by price index of government final consumption and subindex for health from the CPI. Volume index 1998=100.*

Fræðslumál

Útgjöld hins opinbera til fræðslumála námu um 131,5 milljörðum króna

Útgjöld hins opinbera til fræðslumála námu 7,2% af landsframleiðslu á árinu 2014. Af útgjöldunum rann 48,9% til grunnskólastigsins eða 70,1 milljarður króna. Til háskólastigsins runnu af hálfu hins opinbera 28,5 milljarðar króna eða 1,4% af landsframleiðslu. Framhaldsskólastigið tók til sín nokkru lægri fjárhæð eða 23 milljarða króna sem er 3,9% hærrí fjárhæð en árið áður. Útgjöld hins opinbera til leikskólastigsins námu 14,4 milljörðum króna 2014 og jukust þau um 17,8% milli ára. Að raungildi á mann drógust útgjöld til framhaldsskólastigs saman um 1,1%, um 0,7% í tilfelli háskólastigsins en jukust til annarra skólastiga.

Tafla 10. Útgjöld hins opinbera til fræðslumála 2008–2014

Table 10. The general government expenditure on education 2008–2014

Hlutfall af VLF <i>Per cent of GDP</i>	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014
Fræðsluútgjöld alls¹ <i>Expenditure on education¹</i>	7,4	7,5	7,3	7,1	7,0	6,9	7,2
1. Leikskólastig <i>Pre-primary education</i>	0,7	0,8	0,7	0,7	0,7	0,7	0,7
2. Grunnskólastig <i>Primary and secondary edu.</i>	3,5	3,5	3,4	3,5	3,3	3,3	3,5
3. Framhaldsskólastig <i>Upper secondary edu.</i>	1,2	1,3	1,2	1,2	1,2	1,2	1,2
4. Háskólastig <i>Tertiary education</i>	1,5	1,6	1,6	1,4	1,5	1,5	1,4
5. Önnur skólastig <i>Other school levels</i>	0,2	0,3	0,3	0,2	0,2	0,2	0,2
6. Önnur fræðslumál ót.a.s. <i>Education n.e.c.</i>	0,1	0,1	0,1	0,2	0,1	0,1	0,1

¹ Kaup heimila á fræðsluþjónustu hins opinbera dregin frá. *The households purchase of public education in excluded.*

Tafla 11. Heildarútgjöld til fræðslumála 1998–2014Table 11. *The expenditure on education 1998–2014*

	Hlutfall af landsframleiðslu <i>Per cent of GDP</i>			Hlutfall heimila af heild <i>HH % of totals</i>	Fræðsluútgj. staðvirt ¹ <i>Edu. exp. in fixed prices¹</i>	Fræðsluútgj. staðvirt á mann ¹ <i>Edu. exp. per capita¹</i>
	Hið opinb. <i>General govern.</i>	Heimili <i>House- holds</i>	Samtals <i>Total</i>			
1998	6,40	0,68	7,08	9,6	100,0	100,0
1999	6,57	0,69	7,26	9,5	103,7	102,4
2000	6,64	0,69	7,33	9,4	106,9	104,1
2001	6,90	0,71	7,61	9,3	115,7	111,2
2002	7,54	0,78	8,33	9,4	123,9	118,0
2003	7,48	0,87	8,35	10,4	123,1	116,5
2004	7,36	0,82	8,18	10,0	128,7	120,5
2005	7,52	0,81	8,33	9,8	137,0	126,8
2006	7,51	0,79	8,30	9,5	142,5	128,2
2007	7,20	0,73	7,93	9,2	146,2	128,5
2008	7,38	0,68	8,06	8,4	152,8	131,0
2009	7,48	0,69	8,17	8,4	146,7	125,8
2010	7,33	0,70	8,03	8,7	139,8	120,4
2011	7,14	0,71	7,85	9,0	136,5	117,2
2012	6,98	0,73	7,71	9,4	132,5	113,1
2013	6,93	0,74	7,68	9,7	133,8	113,1
2014	7,21	0,75	7,96	9,4	141,1	118,0

¹ Fræðsluútgjöld hins opinbera staðvirt með verðvísitölu samneyslunnar. Fræðsluútgjöld einkaaðila staðvirt með verðvísitölu einkaneyslu fræðsluútgjalda. Magnvísitala, 1998=100. *Public expenditure on education deflated by price index of government final consumption. Private expenditure deflated by a subindex from the private final consumption. Volume index, 1998=100*

Útgjöld til fræðslumála voru 483 þúsund krónur á mann árið 2014 og hafa þau regist saman um 53 þúsund krónur frá 2008 á föstu verðlagi eða um 9,9%.

Til fræðslumála í landinu er ráðstafað um 8% af landsframleiðslu

Heildarútgjöld til fræðslumála voru um 8,0% af landsframleiðslu árið 2014. Um 9,4% útgjaldanna eru fjármögnuð af heimilunum og hefur hlutdeild þeirra aukist síðustu sex ár. Fræðsluútgjöld á föstu verði hafa lækkað um 7,7% frá árinu 2008 en árin þar á undan höfðu þau vaxið jafnt og þétt. Frá árinu 1998 hafa útgjöldin aukist að raungildi um 41% eða um 17,7% á mann.

Almannatryggingar og velferðarmál

Til málaflokksins almannatryggingar og velferðarmál teljast ýmiss konar félagslegar tilfærslur til einstaklinga, t.d. vegna elli, örorku, fæðinga og atvinnuleysis, og ýmiss konar velferðarþjónusta, einkum við börn, aldraða og fatlaða. Umsjón með tekjutilfærslum er að mestu í höndum almannatrygginga. Velferðarþjónusta við börn, fatlaða og aldraða er hins vegar að mestu á vegum sveitarfélaga.

Tæpir 205 milljarðar króna til almannatrygginga og velferðarmála

Á árinu 2014 runnu 204,5 milljarðar króna til málaflokksins, eða 10,3% af landsframleiðslu og er það svipað hlutfall og árið 2013. Útgjöld vegna atvinnuleysis hafa samt dregist saman um 17,5% frá árinu áður, sem skýrist af batnandi stöðu á vinnumarkaði.

Útgjöld hins opinbera vegna örorku og fötlunar og öldrunar eru umfangsmestu útgjaldaliðirnir. Útgjöld vegna örorku og fötlunar námu 3,0% af landsframleiðslu. Til öldrunar runnu 2,6% og til fjölskyldna og barna um 2,4%.

Tafla 12. Opinber útgjöld til almannatrygginga og velferðarmála 2008–2014

Table 12. The general government expenditure on social protection 2008–2014

Hlutfall af VLF <i>Per cent of GDP</i>	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014
Alm.trygg. og velf.mál alls <i>Social protection</i>	8,59	10,71	10,68	11,13	10,62	10,24	10,28
1. Sjúkdómar <i>Sickness</i>	0,06	0,05	0,05	0,05	0,05	0,06	0,06
2. Örorka og fötlun <i>Disability</i>	2,28	2,58	2,60	2,81	2,81	2,88	2,97
3. Öldrun <i>Old age</i>	2,16	2,11	2,01	2,46	2,49	2,46	2,60
4. Eftirlifendur <i>Survivors</i>	0,02	0,02	0,02	0,02	0,02	0,02	0,02
5. Fjölskyldur og börn <i>Family and children</i>	2,44	2,64	2,61	2,31	2,25	2,37	2,37
6. Atvinnuleysi <i>Unemployment</i>	0,35	1,64	1,58	1,47	1,29	0,95	0,74
7. Húsnæðisaðstoð <i>Housing</i>	0,65	0,92	1,00	1,36	1,08	0,71	0,70
8. Félagsleg aðstoð ót.a.s. <i>Social exclusion</i>	0,30	0,37	0,42	0,42	0,42	0,42	0,44
9. Alm.tr. og velf.mál ót.a.s. <i>Soc. prot. n.e.c.</i>	0,33	0,38	0,38	0,24	0,22	0,36	0,38

Útgjöldin námu 625 þúsund krónum á mann

Árið 2014 voru útgjöld hins opinbera til almannatrygginga og velferðarmála 625 þúsund krónur á mann á verðlagi þess árs. Útgjöld hins opinbera vegna örorku og fötlunar voru tæplega 181 þúsund krónur á mann 2014 og vegna öldrunar 158 þúsund krónur og er þetta töluræð hækkun í báðum flokkum eða 6,9% og 9,6%. Útgjöld vegna fjölskyldna og barna hækkðu lítillega og námu um 144 þúsund krónum á mann árið 2014. Undanfarin tvö ár hefur dregið verulega úr útgjöldum vegna atvinnuleysis, en þau voru 45 þúsund krónur á mann 2014. Kostnaður vegna húsnæðisaðstoðar nam tæplega 43 þúsund krónum á mann árið 2014. Það er lækkun um 0,4% frá 2013 en 52% lækkun frá því sem hann var þegar hann var mestur, árið 2011.

Peningalegar eignir og skuldir hins opinbera

Peningalegar eignir jukust um 93 milljarða króna

Peningalegar eignir hins opinbera námu 1.291 milljörðum króna í árslok 2014 eða sem nemur 64,9% af landsframleiðslu. Lánveitingar námu 197 milljörðum króna í árslok 2014 og sjóðir og bankainnistæður námu 533 milljörðum króna í árslok.

Heildarskuldir hins opinbera voru 2.291 milljarður króna í árslok 2014

Heildarskuldir hins opinbera námu 2.291 milljarði króna í árslok 2014 eða 115% af landsframleiðslu. Aukning í skuldum var meiri en aukning í eignum. Erlendar lántökur námu 418,7 milljörðum króna í árslok eða 21% af landsframleiðslu. Innlendar lántökur námu 356,6 milljörðum króna í árslok, 17,9% af landsframleiðslu.


Tafla 13. Peningalegar eignir og skuldir hins opinbera 2008–2014

Table 13. The general government financial assets and liabilities 2008–2014

Hlutfall af VLF <i>Per cent of GDP</i>	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014
Peningalegar eignir <i>Financial assets</i>	73,1	75,4	73,0	75,4	70,3	63,7	64,9
Skuldir <i>Liabilities</i>	98,1	112,9	118,7	126,7	123,9	115,4	115,2
Verðbréf <i>Securities other than shares</i>	20,0	39,3	44,6	46,4	47,3	44,9	44,1
Lántökur <i>Loans</i>	47,5	43,6	43,6	48,7	45,4	40,4	39,0
Innlendar lántökur <i>Domestic loans</i>	23,9	18,1	20,1	20,6	19,7	19,0	17,9
Erlendar lántökur <i>Foreign loans</i>	23,6	25,5	23,5	28,2	25,7	21,4	21,0
Lífeyrisskuldbindingar <i>Pension liabilities</i>	24,8	23,8	23,7	24,5	24,7	24,3	24,6
Viðskiptaskuldir <i>Other accounts payable</i>	5,8	6,2	6,8	7,1	6,4	5,8	7,4
Hrein peningaleg eign <i>Net financial assets</i>	-25,0	-37,5	-45,7	-51,4	-53,6	-51,7	-50,3

Mynd 7. Skuldir ríkissjóðs og sveitarfélaga sem hlutfall af VLF

Figure 7. The liabilities of central and local governments as per cent of GDP



Hið opinbera og opinber fyrirtæki

Eins og fram kom hér að framan nær hin hefðbundna skilgreining hins opinbera samkvæmt þjóðhagsreikningum einungis til þeirrar starfsemi sem fjármögnuð er með álagningu skatta en ekki með sölu á vöru og þjónustu á almennum markaði. Í þessu felst að atvinnustarfsemi á vegum hins opinbera, sem fjármögnuð er að mestu með sölu á vöru og þjónustu, er ekki talin til opinbera geirans, heldur til fyrirtækjageira hagkerfisins.

Tafla 14. Fjármál hins opinbera og fyrirtækja þess 2008–2014

Table 14. Public sector accounts 2008–2014


Hlutfall af VLF Per cent of GDP	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014
Rekstrartekjur Total revenue	64,5	57,6	55,0	57,1	58,7	58,5	59,5
Rekstrargjöld Total expenditure	75,8	64,8	63,3	60,1	61,2	57,8	56,3
Rekstrarjöfn. Net operation balance	-11,2	-7,2	-8,3	-3,0	-2,5	0,7	3,2
Fjárfesting Acq. nonfin. assets	7,9	4,2	2,9	1,2	1,4	1,8	2,1
Tekjuafkoma Net lending/borrowing	-19,1	-11,4	-11,2	-4,2	-3,9	-1,2	1,1
Hrein peningaleg eign Net fin. assets	-60,1	-74,7	-77,7	-82,0	-78,4	-59,0	-58,1

Tekjuafkoma hins opinbera og fyrirtækja þess var jákvæð um 1,1% af landsframleiðslu 2014.

Frá hagstjórnarlegu sjónarmiði er áhugavert að skoða efnahagsleg áhrif opinbera geirans í víðari skilgreiningu, þ.e. hins opinbera og fyrirtækja þess. Heildartekjur námu 59,5% af landsframleiðslu 2014 og heildarútgjöld 56,3%. Tekjuafkoma¹ opinbera geirans var jákvæð um 1,1% af landsframleiðslu 2014 á sama tíma og tekjuafkoma hins opinbera samkvæmt þrengri skilgreiningu var neikvæð um 0,1%. Tekjujöfnuðurinn í heild í hlutfalli af landsframleiðslu er jákvæður en það hefur ekki gerst síðan árið 2006.

Mynd 8. Tekjuafkoma opinberra aðila sem hlutfall af VLF

Figure 8. Public sector's financial balance as per cent of GDP



Skýringar Notes: 192 milljarða króna yfirtaka ríkissjóðs 2008 á töpuðum kröfum Seðlabanka Íslands er ekki meðtalin. The central government debt assumption of 192 billion ISK in 2008 is excluded.

¹ Tekjuafkoma sýnir mismun tekna og rekstrar- og fastafjárútgjalda. Þessi jöfnuður veitir vísbendingu um hvort hið opinbera leggur öðrum aðilum hagkerfisins til fjármagn (nettó) eða tekur til sín fjármagn; m.ö.o. hvort hið opinbera hafi þensluhvetjandi áhrif eða ekki.

Frekari upplýsingar

Í heftinu hefur megináhersla verið lögð á fjármál hins opinbera, bæði í texta og töflum. Töflur í ýtarlegri sundurliðun auk samsvarandi upplýsinga um ríkissjóð, sveitarfélög og almannatryggingar eru á vefsíðu Hagstofunnar, undir fjármálum hins opinbera:

→ www.hagstofa.is/Hagtolur/Thjodhagsreikningar/Fjarmal-hins-opinbera

English summary

In 2014, the financial balance of the general government was 1.2 billion ISK in deficit or 0.1% of GDP, compared with a deficit of 1.9% of GDP for 2013. The reduced deficit in 2014 is explained by 14.0% increase in revenue and 9.4% increase in expenditure. The general government total revenue amounted to 45.6% of GDP in 2014 while its total expenditure amounted to 45.7% of GDP.

In 2014, the total expenditure on health was 8.9% of GDP, of which 81.0% was financed by the general government and the rest by the private sector. The health expenditure per capita was 436 thousand ISK in 2014 and has decreased by 10.3% in real terms since 2008. The total expenditure on education was 158 billion ISK in 2014 or 8.0% of GDP, of which 90.6% was financed by the general government. The public expenditure per capita was 438 thousand ISK in 2014 and has decreased by 11.2% from 2008 in 2014 prices.

The general government net financial assets, i.e. financial assets less liabilities, were negative by 1,000 billion ISK in 2014 or 50.3 of GDP. The deterioration from 2013 is 29.6 billion ISK. The general government total financial assets amounted to 1,291 billion ISK at the end of 2014 and the total liabilities, 2,291 billion ISK.

The results published here have been revised back to year 1998. The main reason is a revision of Financial Intermediation Services Indirectly measured (FISIM), due to improved source data, and, a revision of net acquisition of fixed assets measures due to better source data for R&D.

All data referred to in this issue of the Statistical Series has been published on the website of Statistics Iceland in English at:

www.statice.is/Statistics/National-accounts-and-public-fin/Public-finances.

Tafla 15. Rekstrarreikningur hins opinbera árin 2009–2014Table 15. *The general government statement of operations 2009–2014*

Verðlag hvers árs, í milljónum króna <i>Current prices, in million ISK</i>	2009	2010	2011	2012	2013	2014
1 Heildartekjur <i>Total revenue</i>	617.098	641.141	682.304	740.768	795.732	906.988
11 Skatttekjur <i>Tax revenue</i>	462.755	477.979	519.116	561.567	606.243	700.831
12 Tryggingagjöld <i>Social contributions</i>	45.912	63.599	66.820	64.882	69.899	73.432
13 Fjárframlög <i>Grants</i>	2.156	2.403	2.944	3.733	2.881	2.534
14 Aðrar tekjur <i>Other revenues</i>	106.275	97.160	93.424	110.586	116.710	130.191
Heildargjöld (2+31) <i>Total expenditure (2+31)</i>	771.326	799.305	777.342	807.229	830.530	908.205
2 Rekstrarútgjöld <i>Expenses</i>	740.400	777.274	765.977	796.519	813.896	886.095
21 Laun <i>Compensation of employees</i>	216.455	219.395	229.037	242.024	256.075	275.652
22 Kaup á vöru og þjónustu <i>Use of goods and services</i>	191.444	195.315	206.099	212.573	221.304	230.033
23 Afskriftir <i>Consumption of fixed capital</i>	33.511	33.601	35.076	36.976	38.274	39.617
24 Vaxtagjöld <i>Interest</i>	95.894	77.238	70.481	85.381	87.529	94.799
25 Framleiðslustyrkir <i>Subsidies</i>	28.286	27.762	29.154	30.485	31.070	29.477
26 Fjárframlög <i>Grants</i>	5.329	4.890	4.514	3.838	4.342	5.159
27 Félagslegar tilfærslur til heimila <i>Social benefits</i>	122.363	120.956	138.352	134.950	133.645	139.441
28 Tilfærsluútgjöld önnur en fjárframlög ¹ <i>Other expense¹</i>	47.118	98.117	53.263	50.293	41.658	71.916
31 Fastafjárútgjöld <i>Nonfinancial assets</i>	30.927	22.031	11.366	10.710	16.634	22.110
311 Fjárfesting í efnislegum eignum <i>Net acquisition of fixed assets</i>	64.437	55.632	46.441	47.686	54.908	61.728
23 Afskriftir <i>of fixed capital</i>	-33.511	-33.601	-35.076	-36.976	-38.274	-39.617
Tekjuafgangur / halli (1-2-31) <i>Net lending and net borrowing (1-2-31)</i>	-154.228	-158.164	-95.038	-66.461	-34.798	-1.217
32 Peningalegar eignir, hreyfingar <i>Financial assets, transactions</i>	72.938	35.975	61.014	-77.898	-38.388	52.467
33 Skuldir, hreyfingar <i>Liabilities, transactions</i>	227.166	194.140	156.052	-11.437	-3.590	53.685

Tafla 16. Rekstrarreikningur ríkissjóðs árin 2009–2014Table 16. *The central government statement of operations 2009–2014*

Verðlag hvers árs, í milljónum króna	2009	2010	2011	2012	2013	2014
1 Heildartekjur <i>Total revenue</i>	450.278	474.717	497.094	545.548	584.545	686.128
11 Skatttekjur <i>Tax revenue</i>	324.192	339.998	363.277	396.770	426.670	510.990
12 Tryggingagjöld <i>Social contributions</i>	45.912	63.599	66.820	64.882	69.899	73.432
13 Fjárframlög <i>Grants</i>	8.010	8.340	9.526	11.062	10.637	10.378
14 Aðrar tekjur <i>Other revenues</i>	72.164	62.781	57.471	72.834	77.339	91.326
Heildargjöld (2+31) <i>Total expenditure (2+31)</i>	578.706	621.511	593.651	603.898	618.049	669.829
2 Rekstrarútgjöld <i>Expenses</i>	558.919	611.728	589.343	602.954	613.595	661.988
21 Laun <i>Compensation of employees</i>	111.778	112.747	113.089	120.473	127.772	135.141
22 Kaup á vöru og þjónustu <i>Use of goods and services</i>	95.617	98.105	102.378	104.610	103.571	104.271
23 Afskriftir <i>Consumption of fixed capital</i>	23.343	24.565	25.591	26.977	27.924	28.904
24 Vaxtagjöld <i>Interest</i>	90.874	71.479	63.316	77.177	80.235	87.236
25 Framleiðslustyrkir <i>Subsidies</i>	24.753	24.252	24.505	25.200	25.739	25.069
26 Fjárframlög <i>Grants</i>	157.542	169.848	187.438	183.007	195.376	199.884
27 Félagslegar tilfærslur til heimila <i>Social benefits</i>	20.952	22.421	28.079	23.506	20.370	18.799
28 Tilfærsluútgjöld önnur en fjárframlög ¹ <i>Other expense¹</i>	34.060	88.310	44.947	42.005	32.609	62.682
